



Hafnarfirði, 26.08.2019

Íbúafundur þann 22. ágúst 2019, Norðurhelli 2, kl.17.

Efni fundar : Kynning á verklýsingu vegna aðal- og deiliskipulagsbreytinga á Völlum vegna stofnræsis.

Fundinn sátu

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar
Guðmundur Elfásson umhverfis- og veitustjóri Hafnarfjarðar
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt – Umhverfis- og skipulagsþjónusta.
Reynir Sævarsson frá verkfræðistofunni Eflu
Ólafur Ingi Tómasson bæjarfulltrúi.

Þormóður Sveinsson kynnti aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingar sem eru í gildi fyrir svæðið. Farið var yfir hverjir væru helstu umsagnarðilar í slíkum málum. Einnig var brýnt fyrir þeim sem fundinn sátu að íbúar hafa frest til að gera athugasemdir. Skipulagsbreytingarnar eiga eftir að fara í frekari auglýsingu í samræmi við skipulagslög.

Reynir Sævarsson frá Eflu kynnti framkvæmdirnar á myndrænan hátt. Í kynningunni kom fram hvar fyrirhugað stofnræsi eigi að liggja. Gert er ráð fyrir að verkið verði í tveimur áföngum. Fyrri hluti á næsta árið 2020 er nær frá Hraunvallaskóla niður að göngustíg er liggur við Furuvelli. Seinni áfangi verði 2021 og verði þá haldið áfram frá göngustígum og niður að Nóntorgi. Gert er ráð fyrir að fjarlægð lagnarinnar frá göngustígnum verði um 10m. Halli á lögninni er um 2% og er hún um 450 mm sver. Sjálfrennsli á að vera um lögnina í stað dælukerfis líkt og er nú.

Ástæða lagnarinnar nú er sú að hverfið er nú nær fullbyggt og þar að auki bætast íbúðarhús í Skarðshlíðinni inn á þessa lögn.

Betri gögn munu verða kynnt íbúum þegar þau liggja fyrir en nú er verið að kynna fyrir íbúum að þetta er framkvæmd sem þarf að fara í.

Vilji er til þess að í útboðsgögnum verði farið fram á að verktaki skili áæltuðum tímamma á verkinu. Með því móti er hægt að upplýsa íbúa um hvernig framkvæmdum eigi að miða áfram og hvar áætlað er að koma lögninni fyrir hverju sinni. Íbúar hafa þá möguleika á að gera ráðstafanir á þeim tíma sem farið verður sem næst heimilum þeirra með framkvæmdirnar.

Hvað varðar skaðabótaskyldu vegna mögulegs tjóns á íbúðarhúsum vegna framkvæmdanna kom fram að þegar farið er í framkvæmdir eins og þessar eru settir út útslagsmælar. Slíkir mælar sýna hvar mörkin liggja v/skemmda á steypu. Reynt verður að fara í aðrar aðferðir en sprengingar.



Áhersla verður lögð á að gengið verði frá gróðri og öðru í landi svo að það rask sem verður vegna framkvæmdanna valdi sem minnstum sjónrænum áhrifum og umhverfið (gróður) geti náð sér á strik hið fyrsta.

Á fundinum kom fram að íbúar hafa miklar áhyggjur af vatnssöfnun sem á sér stað á opnu svæði milli Fífuvalla og Burknavalla. Vatn komi niður frá Skarðshlíð og Grísanesi, safnist saman og valdi á endanum vatnstjóni á þeim húsum sem liggja næst göngustígnum. Óskað er eftir að bærinn bregðist við og noti tækifærið nú þegar á að fara í jarðrask að koma fyrir dreni og/eða öflugum niðurfalli til að koma í veg fyrir að vatn safnist þarna fyrir. Einnig var bent á að við Burknavelli safnist svo mikið vatn að hætta getur skapast ef börn fara í polla sem reynast svo vera nokkurra metra djúpir. Reynir Sævarsson lagði fram nokkrar lausnir sem vert væri að skoða m.t.t. þessa og koma vatninu frá. Bent var á að takist að þurrka svæðið verði þar ágætis leiksvæði sem myndast fyrir börnin í hverfinu. En annars er lítið um slétt land í hverfinu.

Boðað verður til annars íbúafundar á næsta skipulagsstigi og frekari gögn liggja fyrir til kynningar.

Fundi slitið kl.18:15.